

- 4. mál.** **Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar
Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar
Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar
Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar
Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar
Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar
Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Forseti: Þá tekinn fyrir á dagskrá liður fimm sem er:

Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar
Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar
Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar
Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar
Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar
Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar
Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Nokkrir hafa kvatt sér hljóðs. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi.

- 4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar**
Fundargerð íþróttá- og tómsundaráðs frá 8. febrúar
Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar
Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar
Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar
Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar
Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar
Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Sóley Tómasdóttir: Forseti og borgarfulltrúar. Ég kveð mér hljóðs vegna 4. liðar fundargerðar stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar annars vegar og hins vegar vegna 9. liðar fundargerðar leikskólaráðs frá 13. febrúar.

Í stjórn eignasjóðs var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um bílastæði við Laugardalsvöll:

„Lagt er til að skoðað verði að bjóða út byggingu bílastæðahúss neðanjarðar og rekstur bílastæðanna við Laugardalsvöll og World Class, neðan Reykjavegar.“

Þar sem stefnumótun í bílastæðamálum er á hendi nýs umhverfis- og samgönguráðs og tillagan hefur augljóslega stefnumótandi áhrif, lögðu fulltrúar vinstri grænna og Samfylkingar til að tillögunni yrði vísað þangað. Sú tillaga var felld og má lesa úr bókunum Sjálfstæðisflokks í fundargerð að samráð við umhverfis- og samgönguráð dugi. Nú spyr ég formann umhverfisráðs og formann stjórnar eignasjóðs hvort þetta séu ákjósanleg vinnubrögð að þeirra mati og ef svo er, væri þá allt eins hægt að leggja til uppbyggingu leikskóla eða grunnskóla í stjórn eignasjóðs, án þess að slíkt hefði verið rætt í viðkomandi fagráði? Getur stjórn eignasjóðs tekið jafn stefnumótandi ákvarðanir fyrir önnur svið og raun ber vitni?

Í leikskólaráði var jafnframt lögð fram tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks. Sú fjallaði um að hefja undirbúning að stofnun 5 ára deilda í grunnskólum Reykjavíkur. Fulltrúar minnihlutans greiddu atkvæði gegn tillögunni, enda ekkert sem bendir til þess að 5 ára deildir séu til bóta fyrir börn og fjölskyldur í borginni. Í kjölfar fundarins hefur komið fram mikil andstaða frá forystufólki leikskólakennara en á heimasíðu Félags leikskólakennara varar formaður félagsins við framkomnum hugmyndum. Hún bendir þar á að fræðimenn séu sammála um

Bstj. 19. febrúar 2008

að ungum börnum henti best að læra í leik og skapandi starfi en leikskólar skipuleggja lærdómsumhverfi barna út frá þeirri hugmyndafræði. Á fundinum bentu fulltrúar minnihlutans á samskonar sjónarmið. Þar sem formaður leikskólaráðs er farinn af fundi liggur beinast við að spyrja borgarstjóra um hans skoðun á þessu máli. Er hann tilbúinn að styðja þessar fyrirætlanir, þrátt fyrir andmæli fagfólks? Hvaða rök búa að baki ákvörðun meirihlutans? Hvaða skóli eða uppeldisstefna aðhyllist það að börn byrji fyrir í grunnskóla?

Forseti: Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls Dofri Hermannsson borgarfulltrúi.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Dofri Hermannsson: Forseti, borgarstjórn. Ég kveð mér hljóðs til þess að ræða lið í fundargerð umhverfis- og samgönguráðs. Á síðasta fundi voru áhöld um kjör varaformanns í ráðinu. Að sögn mun þar hafa verið um að ræða misskilning. Fulltrúi F-lista taldi sig eiga tilkall til varaformennsku í ráðinu þar sem að skipting var þannig að sjálfstæðismenn fengu þrjá menn en F-listi einn. Þetta var dálítið vandræðalegt en við studdum Ástu Þorleifsdóttur til varaformennsku í ráðinu. Það var ekki alveg út í bláinn gert. Við höfum átt ágætt samstarf við Ástu Þorleifsdóttur í umhverfismálum og stefnumál okkar fara mjög saman við skoðanir hennar. Ég vil nefna eitt dæmi um það sem er tenging Hallsvegar við Vesturlandsveg. En Ásta Þorleifsdóttir hefur, eins og margir aðrir Grafarvogsbúar, barist hart gegn því að Hallsvegur verði tengdur við Vesturlandsveg áður en Sundabraut er komin alla leið. Hún hefur m.a. bent á að Hallsvegur liggur mjög nærri íþróttasvæði Fjölnis og nýjar rannsóknir benda til þess að mikil umferð nálægt íþróttasvæði sé mun meira heilsuspillandi heldur en áður var talið og var þó slæmt fyrir. Þetta er okkur dálítið áhyggjuefni ef að það á að knýja Ástu Þorleifsdóttur til þess að láta af, ja hvað á maður að segja, sjálfsgöðum völdum innan umhverfis- og samgönguráðs. Við viljum gjarnan að þessi sjónarmið hennar verði virt og því spyr ég borgarstjóra Ólaf F. Magnússon – styður borgarstjóri Ástu Þorleifsdóttur til varaformennsku í umhverfis- og samgönguráði? Og númer tvö spyr ég borgarstjóra – styður borgarstjóri viðhorf Ástu Þorleifsdóttur til tengingar Hallsvegar við Vesturlandsveg? Ég sé fulla ástæðu til að spyrja að þessu, ekki síst vegna þess að ég sé að Hallsvegur er kominn aftur inn á áætlun, hann er á þriggja ára áætlun. Það væri gott að fá við þessu skýr svör.

Forseti: Dofri Hermannsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls Óskar Bergsson borgarfulltrúi.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla að spyrja hér út í fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar en þar lögðu fulltrúar Samfylkingar, vinstri grænna, Margrét Sverrisdóttir og áheyrnarfulltrúi Framsóknarflokks svohljóðandi fyrirspurn fyrir ráðið, með leyfi forseta:

„Á kjördæmisráðsþingi Sjálfstæðisflokks í Reykjavík í lok janúar sagði formaður menntaráðs, Júlíus Vífill Ingvarsson, að hann: „bindi vonir við að komandi kjarasamningar skili þeim árangri að betur takist að manna grunnskóla borgarinnar.“ Jafnframt sagði hann: „Lág kennaralaun séu einn helsti vandi skólanna. Nú vanti kennara og annað starfsfólk í meira en helming grunnskólanna í borginni. Lág laun kennara væru vandamál í grunnskólunum og að fólk fengist ekki til starfa fyrir þau laun sem í boði séu nú.“

Á fundi í Valhöll þann 2. febrúar gaf menntamálaráðherra ótvírætt til kynna að laun kennara þyrftu að hækka.

Í ljósi þessara yfirlýsinga eru eftirfarandi fyrirspurnir lagðar fram:

- 1) Hvernig hyggst meirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista beita sér til að efna þessar yfirlýsingar formanns menntaráðs?
- 2) Mun meirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista í Reykjavíkurborg beita sér fyrir því að ríkisvaldið komi að kjarasamningum kennara?“

Þessar tvær fyrirspurnir voru lagðar fram á fundi menntaráðs, eins og áður hefur komið fram og ég vil fylgja þeim hér úr hlaði með spurningum til borgarstjóra og ég vona að hann gefi sér tíma til að hlusta á þær ræður sem hér fara fram. Vill borgarstjóri að ég endurtaki ræðu mína áðan þar sem geri grein fyrir þeirri fyrirspurn sem ég er hér með en hún er úr fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar þar sem er verið að vitna til yfirlýsinga bæði menntamálaráðherra og formanns menntaráðs, Júlíusar Vífils Ingvarssonar, þar sem þau tala um að það sé mjög mikilvægt að hækka kennaralaunin. Ummæli formanns menntaráðs eru mánaðargömul, nú liggur fyrir þriggja ára áætlun sem hér er til umræðu þar sem blasir við að orð formanns menntaráðs eru höfð að engu. Því spyr ég borgarstjóra hvenær þessum spurningum verði svarað, ef til stendur að svara þeim með öðrum

Bstj. 19. febrúar 2008

hætti en hér er gert í þriggja ára áætluninni? Hvort er marklaust? Sú þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram eða nýleg ummæli formanns menntaráðs, Júlíusar Vífils Ingvarssonar? Ég geri mér von um að þessari spurningu sé hægt að svara á þessum fundi en ekki þeim næsta.

Forseti: Óskar Bergsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Til máls tekur Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Björk Vilhelmsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kem hér undir 17. lið fundargerðar velferðarráðs frá 30. janúar sl. Var það fyrsti fundur meirihluta þrjú í borgarstjórn. Þar spurðum við fulltrúar Samfylkingar og vinstri grænna að því misræmi sem er á tillöguflutningi Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálum og málefnasamnings nýs meirihluta Sjálfstæðisflokks og Ólafs F. Magnússonar. En í þeim málefnasamningi segir að fjölga eigi félagslegum leiguíbúðum Reykjavíkurborgar um 100 árlega og kemur það fram nú í þriggja ára áætlun en í tillöguflutningi Sjálfstæðisflokksins í velferðarráði frá því 12. desember sl., bara fyrir tveimur mánuðum síðan, var lagt til að Félagsbústaðir keyptu eða byggðu 150 íbúðir á ári. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og F-lista bókuðu á þessum fundi velferðarráðs og sögðu að það væri gott samstarf í meirihluta borgarstjórnar um þessi húsnæðismál en að tillagan frá 12. desember um 150 íbúðir væri enn í afgreiðslu og innan sviga frestun. Núna hins vegar þegar ljóst er að skv. þriggja ára áætlun sé gert ráð fyrir niðurgreiðslu húsnæðis sem nemur 150 íbúðum, vil ég spyrja formann velferðarráðs að því hvort að tillaga Sjálfstæðisflokksins frá því í desember sé ekki lengur í frestun, að það sé búið að taka hana út af borðinu.

Forseti: Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Jórunn Frímannsdóttir borgarfulltrúi veitir andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Jórunn Frímansdóttir veitir andsvar: Ég er nú hér á hlaupum að koma inn á fundinn, ég heyrði ekki alveg alla fyrirspurnina eða hvað það var en mér skilst eða heyrðist að þetta væri varðandi tillögur sem við vorum með í desember, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, inn á fundi velferðarráðs, þar sem við vorum að leggja til ákveðnar breytingar. Í fyrsta lagi að fara úr niðurgreiðslum í félagslegu leiguhúsnaði sem er bara í íbúðunum yfir í það að fara í persónubundinn stuðning. Svo ég bara upplýsi það hér þá er það sannarlega markmiðið. En við bíðum eftir niðurstöðum úr nefnd sem félagsmálaráðuneytið var að vinna að og allir bíða svo sem eftir því að niðurstaða komi út úr því, með hvaða hætti verði mætt þessum vandræðum á húsaleigumarkaði og húsnæðismarkaði almennt, meðal einstaklinga og fjölskyldna hér í borginni og um allt land. Það var ein af tillögnum. Önnur tillaga var að fara í samstarf eða taka upp samstarf við nágrennasveitarfélögin um það að vera sameiginlega með þetta félagslega leiguíbúðakerfi okkar, að það væri fyrir allt höfuðborgarsvæðið en ekki bara fyrir Reykjavík. Við munum svo sannarlega fylgja því eftir og verður þetta afgreitt á næsta fundi ráðsins á miðvikudag.

En varðandi síðan það að við ætlum að fjölga hér íbúðum í 150, þá var það klárlega niðurstaða málefnasamnings okkar í nýjum meirihluta hér í Reykjavíkurborg, að við ætlum að fjölga um 100 íbúðir á ári, enda verði það með því að fara yfir í persónubundinn stuðning, þá klárlega er ekki þessi gríðarlega krafa á það að allt húsnæði sem að einstaklingar með lítil fjárráð, að þeir þurfi endilega að vera í félagslega leiguíbúðakerfinu heldur getum við þá betur hjálpað þeim, þrátt fyrir að þeir séu á markaðnum.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Björk Vilhelmsdóttir svarar andsvari: Frú forseti, borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs, Jórunn Frímannsdóttir. Ég var nú einungis að spyrja hvað væri með þessa tillögu varðandi 150 íbúðir á ári, hvort það væri búið að taka hana út af borðinu úr því að þriggja ára áætlun gerði bara ráð fyrir niðurgreiðslu með 100 íbúðum. En ég vil þá bara minna á að núna við gerð kjarasamninga á almennum markaði, voru hluti af þessum tillögum í húsnæðismálum kynntar, þar sem gert er ráð fyrir stórauðnum húsaleigubótum og sérstökum húsaleigubótum. Ég vona svo sannarlega að núverandi meirihluti í borgarstjórn muni gera ráð fyrir því að taka frá fjármagn til þessa stuðnings, sem er afskaplega mikilvægur fyrir þær þúsundir Reykvíkinga sem eru á leigumarkaði.

Forseti: Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Jórunn Frímansdóttir veitir andsvar öðru sinni: Ég heyri það að ég hef svarað miklu meiru heldur en efni stóðu til hérna en það er nú önnur saga. Varðandi akkúrat þetta þá snýst þetta um kostnaðarskiptinguna á milli ríkis og borgar og það er verið að vinna í því. Birgir Björn er fyrir okkar hönd að vinna með ráðuneytinu að því að loka þessu. Við þurfum að sjálfsögðu að standa vörð um þá fjármuni sem við höfum til skiptanna hér í Reykjavík. En að sjálfsögðu höfum við gert ráð fyrir því að það sé einhver aukning. Ég man nú ekki nákvæmlega töluna í fjárhagsáætlun eða þriggja ára áætlun en það er svo sannarlega gert ráð fyrir einhverju þar. Við eigum svo eftir að sjá betur hvað það verður mikið að sjálfsögðu.

Eins hvað varðar það að breyta úr þessum földu niðurgreiðslum í félagslega leiguíbúðakerfinu yfir í það að vera persónubundinn stuðningur, að við eigum líka eftir að sjá niðurstöðuna úr þessari kostnaðarskiptingu á milli ríkis og borgar áður en við getum síðan lokað því.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá er andsvörum lokið og til máls tekur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kveð mér hljóðs til þess að svara fyrirspurn borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur varðandi skipun starfshóps sem kanna á kosti þess að hefja starf 5 ára deilda við grunnskóla borgarinnar. Þessi tillaga var lögð fram í menntaráði 11. febrúar sl. og í leikskólaráði þann 13. febrúar sl. Bara til þess að skýra þessa ákvörðun að skipa þennan starfshóp þá hefur hann verið hugsaður þannig að við viljum að kannaðir verði kostir þess að starfræktar verði 5 ára deildir bæði við grunn- og leikskóla.

Varðandi tilvitnun borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur í formann leikskólakennara, þá kemur ekki fram hjá formanninum að hann sé á móti því að starfræktar verði 5 ára deildir heldur varar hann við hugmyndum. Það kemur ekki fram að hann sé á móti þeim beinlínis.

Varðandi allt fyrirkomulag þá er það náttúrliga alveg klárt mál að fagmenn munu koma að öllu skipulagi hvað þetta varðar og að sjálfsögðu munu þeir skipuleggja lærdómsumhverfið og þá hugmyndafræði sem unnið verður eftir. En þetta er sem sagt liður í því að auka flæði á milli skólastiga. Við erum þegar hafin með flæði á milli grunn- og framhaldsskóla, þar sem nemendum gefst kostur á því að ljúka þremur síðustu árum grunnskólans á tveimur árum og jafnframt að hefja fjarnám endurgjaldslaust í framhaldsskóla. En núna er komið að því að skoða skilin á milli grunn- og leikskóla og við teljum að nái þessar tillögur fram að ganga, þá muni það verða til þess fallið að auka samstarf leik- og grunnskólans, en eftir því samstarfi hefur verið kallað í langan tíma.

Jafnframt viljum við að markmiðið með þeim tillögum sem að koma út úr þessum starfshópi verði það að geta boðið námsúrræði sem henta þörfum þessa aldurshóps,

Bstj. 19. febrúar 2008

Því eins og við vitum þá hentar ekki sama úrræðið öllum og þetta myndi auka á val og fjölbreytileika og yrði bara til þess að auka skólaflórana í borginni.

Forseti: Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það eru tvö mál sem þarfnast útskýringa hér. Annað varðar fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar og hitt fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar sl.

Ef við byrjum á stjórn eignasjóðs þá kom borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir inn á það hér réttilega að skv. nýju skipuriti borgarinnar er stefnumótun í bílastæðamálum á forræði umhverfis- og samgönguráðs. Í stjórn eignasjóðs var lögð fram tillaga sem að svo sannarlega má segja að sé stefnumótun í bílastæðamálum og ábendingar Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa eru réttar og við áttum okkur fullvel á því. Ástæðan er hins vegar sú að við erum ennþá að ganga í gegnum ákveðið breytingaferli. Þarna er um tillögu að ræða sem hafði hafið göngu sína inn í framkvæmdaráði og það var ákveðið að fara áfram með hana þarna. Það var gert í fullu samráði við formann umhverfis- og samgönguráðs og formann stjórnar eignarsjóðs. Ákvörðun um þetta verður hins vegar ekki tekin nema með atbeina umhverfis- og samgönguráðs. Ég vona að þetta skýri málið. Eins og borgarfulltrúinn veit þá er þetta ekki í fyrsta sinn sem að svona ákveðinn ruglingur kemur upp á svæði sem hefur verið fullgrátt hingað til, á milli þessara tveggja sviða. Ég er að vona að þetta nýja skipurit skýri þetta betur. En það er viðbúið að einhvers konar svona misskilningur geti komið upp á fyrstu fundum þessara nýju ráða en í báðum tilvikum eru þetta fyrstu fundir þessara ráða. Fyrsti fundur stjórnar eignasjóðs og fyrsti fundur nýs umhverfis- og samgönguráðs. En það er rétt og gott hjá borgarfulltrúanum að hnykkja á þessu, að hugmyndin á bak við þetta er jú að reyna að koma öllum samgöngumálum á eina hendi. Að baki því liggur sú hugsun að stefna í bílastæðamálum hafi áhrif á aðra samgöngupætti. Stefna í bílastæðamálum í Miðborginni hefur t.d. með það að gera hversu margir koma í strætó niður í Miðborgina, hversu margir ákveða að koma á bílum, hversu lengi menn vilja leggja þeim o.s.frv. Þannig að allt hangir þetta saman og það er

hugsunin á bak við það að hafa eitt umhverfis- og samgönguráð með öflugum samgöngusviði, þar sem hægt er að taka þessar ákvarðanir. Ég þakka fyrir þessa ágætu ábendingu. Bæði ég og formaður stjórnar eignasjóðs munum kappkosta að hafa þessa hluti í lagi.

Þá að fundargerð umhverfis- og samgönguráðs þar sem að borgarfulltrúi Dofri Hermannsson gerði að umtalsefni 2. lið sem ber yfirskriftina kosning varaformanns. Um það er það að segja, eins og kemur fram í fundargerð þá var kosinn þarna varaformaður og hlaut Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi 4 atkvæði en Ásta Þorleifsdóttir 3 atkvæði og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir er réttkjörinn varaformaður. Það er hins vegar rétt sem kom fram í máli Dofra Hermannssonar að ákveðins ruglings eða misskilnings gætti í upphafi fundar þar sem að minnihlutinn lagði til að Ásta Þorleifsdóttir yrði varaformaður. Eftir vandræðalega fyrstu atkvæðagreiðslu var ákveðið að endurtaka hana til þess að fá skýrari atkvæðagreiðslu af því að einn meðlimur umhverfisráð var að hugsa sig um og því var atkvæðagreiðslan endurtekin og það er síðari atkvæðagreiðslan sem gildir og þá var alveg skýr vilji ráðsins, 4 atkvæði fóru til Þorbjargar Helgu og 3 atkvæði til Ástu Þorleifsdóttur. Ef hér er spurt hvort það standi til að breyta þessu þá verður það gert bara á næsta fundi umhverfis- og samgönguráðs og ég ætla ekki að fjölyrða um það hér hvort eða hvernig það verður gert, við leysum það á milli funda og verði skipt um varaformann í umhverfisráði, það verður þá gert á næsta fundi ráðsins eða þegar þar að kemur. Ég vona að þetta svari spurningunni.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Óskar borgarfulltrúinn eftir að veita andsvar? Borgarfulltrúinn óskar ekki eftir að veita andsvar. Þá tekur næstur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Til mín var beint spurningu varðandi vilja núverandi meirihluta til að bæta kjör kennara. Það hefur þegar verið sýnt í verki því að ég hef þegar eftir að ég tók við sem borgarstjóri flutt tillögu í borgarráði þar sem veittar eru umtalsverðar upphæðir til að bregðast við starfsmannavanda í velferðarkerfinu, bæði menntasviði, leikskólasviði, velferðarsviði og víðar. Það er alveg ljóst að þarna var verið að sýna viljann í verki. Það hefur þegar verið gert. Það fór hins vegar minna fyrir þessari tillögu í fjölmiðlum í öllum þeim atgangi sem hér hefur verið. Það sem hefur verið jákvætt, bæði samstarf milli meirihluta og minnihluta og þau verk sem hér hafa verið unnin, þau hafa nú legið að mestu í þagnargildi, heldur verið nær eingöngu fjallað um það sem neikvætt er hægt að segja um Borgarstjórn Reykjavíkur í fjölmiðlum að undanförmu. Ég vona að það fari að breytast en þessu er þá hér með komið til skila, ef einhver skyldi ekki hafa tekið eftir því. Það hefur þegar verið flutt tillaga sem miðar að því að bæta kjör kennara og annarra hópa sem starfa í þjónustu við þá sem þurfa mest á okkar velferðarkerfi að halda.

Ég vil líka taka það fram af gefnu tilefni að það var sagt að það væri ekki gert ráð fyrir þessum kjarasamningum í þriggja ára áætlun. Svo er ekki enda er það yfirleitt ekki í þriggja ára áætlun að það sé búið að setja inn tilteknar upphæðir þar. Þannig að spurningin er líklega að einhverju leyti byggð á misskilningi.

En ég vil aftur svara því að það hefur bæði verið sýndur vilji í verki og ég held það hljóti allir borgarfulltrúar að vera sammála um það að kennarar sem og aðrar umönnunarstéttir okkar Reykvíkinga eiga skilið að þeim sé sýndur viljinn í verki og það hef ég þegar gert og ég er viss um að við munum öll ná lendingu í því máli sem og öðrum kjaramálum á næstunni sem verða okkur til sóma.

Bstj. 19. febrúar 2008

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur óskað eftir að taka til máls.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil ítreka að ég beindi fyrirspurnum mínum til borgarstjóra varðandi fyrirætlanir meirihlutans í leikskólaráði sem ég tel mig ekki hafa fengið svör við.

En hvað varðar borgarfulltrúa Mörtu Guðjónsdóttur þá finnst mér hún túlka ansi frjálsglega fréttina á heimasíðu Félags leikskólakennara þegar hún segir að þeir séu ekki á móti heldur vari við. Þar kemur afar skýrt fram afstaða leikskólakennara í þessu máli og ég ætla að leyfa mér að lesa upp aftur það sem þar stendur, með leyfi forseta:

„Við vörum við framkomnum hugmyndum Reykjavíkurborgar um að koma á fót fimm ára deildum við fjóra grunnskóla í Reykjavík næsta haust.“

Jafnframt segir:

„Björg segir að Félag leikskólakennara styðji sveigjanleg skólaskil eins og þau eru skilgreind í frumvarpi til laga um leikskóla, þ.e. að börn geti hafið nám í grunnskóla fyrr eða síðar en á því ári sem þau verða 6 ára ef fyrir því liggja gild rök að mati foreldra, kennara og annarra sérfræðinga sem að slíkri ákvörðun kæmu. Hins vegar vari FL [Félag leikskólakennara] við því að skólaskilin verði færð niður eins og hugmyndir meirihlutans í borgarstjórn fela í sér.“

Ég get ekki séð skýrari andstöðu heldur en þetta.

Hvað hitt varðar sem borgarfulltrúinn minntist á að ítrekað hefði verið óskað eftir því að þetta yrði endurskoðað. Mér þætti vænt um að heyra hverjir hafa verið að óska eftir því og hvar þær óskir hafa komið fram.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Marta Guðjónsdóttir veitir andsvar: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla að bregðast hér við spurningu Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa. Ég túlka þessa frétt ekkert frjálstlega. Ég hef hana hér fyrir framan mig og ég hef lesið hana alveg í þaula. Þar kemur ekki fram bein andstaða, hins vegar er verið að vara við hugmyndum. Formaður leikskólakennara hefur greinilega ekki skv. þessari frétt kynnt sér nægjanlega í hverju þessi tillaga okkar er fólgin, af hverju hún er sett fram o.s.frv.

En ég skildi ekki spurningu borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur um það eftir hverju hefði verið beðið. Ég vil fá nánari skýringar á því.

Forseti: Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Sóley Tómasdóttir svarar andsvari: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að fara að ræða túlkanir borgarfulltrúa Mörtu Guðjónsdóttur en finnst hæpið ef hún heldur því fram að formaður Félags leikskólakennara hafi ekki kynnt sér þær tillögur sem hún tjáir sig um á heimasíðu Félags leikskólakennara.

Hvað hina spurninguna varðar þá var ég að spyrja hvar hafa þær óskir komið fram um að skólaskilin yrðu færð neðar sem að borgarfulltrúinn hélt fram í fyrri ræðu sinni og hvenær?

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Marta Guðjónsdóttir veitir andsvar öðru sinni: Forseti, borgarfulltrúar. Það sem ég átti við í máli mínu hér áðan var það að sennilega hefði formaður leikskólakennara ekki kynnt sér forsendur þessarar tillögu að skipaður yrði starfshópur sem að á að meta kosti þess að setja upp 5 ára deildir við grunn- og leikskóla.

Varðandi hina spurninguna þá átta ég mig ekki alveg á því, Sóley Tómasdóttir, hvað þú ert að fara með því. Borgarfulltrúinn á að vita það að það var hér að störfum hópur á vegum menntaráðs sem að var að skoða flæðandi skil milli skólastiga. Sá hópur komst að þeirri niðurstöðu að það bæri að skoða flæði bæði á milli grunn- og leikskóla og grunn- og framhaldsskóla. Við höfum þegar tekið fyrsta skrefið, ég ítreka það, við höfum þegar tekið fyrsta skrefið í þá átt að auka flæðið milli grunn- og framhaldsskóla og er það fagnaðarefni. Ég veit að borgarbúar hafa tekið þeim hugmyndum okkar fagnandi og því vali sem nemendur standa frammi fyrir. Varðandi hin skilin milli grunn- og leikskóla þá veit ég að margir hafa beðið eftir þeim fljótandi skilum og kalla beinlínis á að þau verði sett á laggirnar sem fyrst.

Forseti: Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá er andsvörum lokið. Hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Varðandi fyrirspurn sem Dofri Hermannsson borgarfulltrúi beindi til mín varðandi framkvæmdir við Hallsveg, þá eru þær væntanlega að fara í umhverfismat og núverandi meirihluti stefnir að því að stofna í framhaldi af því samráðshóp um það mál. Þannig að það mál er í ferli og endanleg niðurstaða þess máls liggur ekki fyrir. Þannig að ég vona að það svari spurningu borgarfulltrúans að þetta er mál sem er í ferli úr tíð fyrri meirihluta og það hefur ekki verið tekið úr því ferli. En niðurstöður gætu breyst eftir umhverfismat. En alla vega er ákveðið að það verði samráðshópur um framhald þessa máls og um það verður haft fullt samráð við kjörna fulltrúa.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Óskar borgarfulltrúinn eftir að veita andsvar eða stutta athugasemd? Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson gerir stutta athugasemd.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Dofri Hermannsson gerir stutta athugasemd: Takk fyrir þetta ágæta svar. Það var önnur spurning um hvort borgarstjóri styddi Ástu Þorleifsdóttur í sæti varaformanns í umhverfisráðinu sem væri gott að fá svar við.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 15. febrúar

Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8. febrúar

Fundargerð leikskólaráðs frá 13. febrúar

Fundargerð mannréttindaráðs frá 7. febrúar

Fundargerð menntaráðs frá 11. febrúar

Fundargerðir skipulagsráðs frá 6. og 13. febrúar

Fundargerð stjórnar eignasjóðs frá 11. febrúar

Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 12. febrúar

Fundargerðir velferðarráðs frá 30. janúar og 13. febrúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Já, ég styð mína samflokksmenn til þeirra starfa sem þeir veljast fyrir í núverandi meirihluta. Um þetta mál hins vegar var grundvallarmisskilningur og ég held að við ættum ekki ræða það frekar heldur leyfa því að leiðrættast. Það var misskilningur þarna á ferðinni, uppákoma. Ég held við ættum að leyfa málinu að leysast farsælega þegar sá misskilningur hefur verið leiðrættur. En ég styð að sjálfsögðu samflokksfólk mitt til þeirra trúnaðarstarfa sem þeir kjósa að starfa í þágu meirihlutans og það verður enginn vandi með að leysa þetta mál sem eingöngu var misskilningur um. Ég vona að það svari spurningunni.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og er umræðu um þennan síðasta lið á dagskránni lokið og fundi slitið kl. 17.24. ...Já, forseti var ekki búinn að slá í bjölluna þannig að ég ætla að gefa borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni tækifæri til þess að kynna bókun vegna þriggja ára áætlunar.